HÁSKÓLI ÍSLANDS

Íslenska í stafrænum heimi

Eiríkur Rögnvaldsson og
Sigríður Sigurjónsdóttir
Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands

Hvers vegna?

Skiptar skoðanir um framtíð íslenskunnar

- Gunnar Smári Egilsson, *Fréttatíminn*, 7.3. 2015:
  - Þegar maður pælir í því er augljóst að íslenskan mun deyja út á næstu 50 til 70 árum. Alla vega sem fullburða tungumál í fjölþættum samskiptum fólks.
- Tryggvi Gíslason, *Eyjan*, 10.12. 2015:
  - […] íslensk tunga hefur aldrei staðið sterkar sem lifandi þjóðtunga í margskiptu þjóðfélagi en nú […] íslenska […] mun lifa um ófyrirsjáanlega framtíð.
- Hvor hefur rétt fyrir sér? Kannski báðir?

Mælikvarði UNESCO á lífvænleik mála

Mælistikur

1. Flutningur máls milli kynslóða
2. Fjöldi málhafa
3. Hlutfall málhafa af heildaríbúafjölda
4. Umdæmi eða svið sem mið er notað í
5. Viðbrögð máls við nýjum sviðum og miðlum
6. Fræðslu- og kennsluefni í máli og læsi

Viðmið til að komast í efsta þrep

1. Mið er notað af öllum aldurshópum
2. Engin mörk en því meiri fjöldi því betra
3. Allir í samfélaginu nota mið
4. Mið er notað á öllum sviðum og til allra þarfa
5. Mið er notað á öllum nýjum sviðum
6. Mið á stafsetningu, rithefð, texta, orðabækur, bókmenntir, fjölmiðla

Staða íslensku í samfélaginu

- Íslenska er notuð á öllum sviðum samfélagsins:
  - í stjórnkerfinu
  - í menntakerfinu
  - í verslun og viðskiptum
  - í fjölmiðlum
  - í menningarlífinu
  - á netinu
  - í daglegum samskiptum fólks
- Stendur hún þá ekki mjög sterkt?

Nýlegar breytingar auka álag á málið

- Þjóðfélagsbreytingar
  - ferðamannastraumurinn
  - fjölgun fólks með annað móðurmál
  - aukið háskólastarf á ensku
  - alþjóðavæðingin
- Tæknibreytingar
  - snjalltækjabyltingin
  - gagnvirkir tölvuleikir
  - efnis- og streymisveitur
  - talstýring tækja

Ferns konar hugsanlegar afleiðingar

- Bein áhrif frá ensku gætu aukist
  - í orðaforða, setningagerð, beygingum, framburði …
- Íslenskt ílag gæti minnkað
  - e.t.v. minni íslenska í umhverfi barna á máltökuskeiði
- Notkunarsvið íslensku gæti skerst
  - í ferðaþjónustu, viðskiptalífi, tölvusamskiptum …
- Virðing fyrir tungumálinu gæti minnkað
  - það gæti farið að þykja hamlandi og hallærislegt

Vísbendingar um aukna enskunotkun barna

„Ég kann þetta ekkert á íslensku“

SKOÐUN | 07:00 | 14. APRÍL 2015

Linda Björk Markúsardóttir, talmeina- og íslenskufræðingur

LINDA BJÖRK MARKÚSARDÓTTIR SKRIFAR

Starf mitt sem talmeinafræðingur felst, meðal annars, í því að meta orðaforða og málkunnáttu barna og unglinga. Undanfarið hefur það hefur færst í aukana að ég fái til mín alíslensk börn sem kunna ekki íslensku nema að litlu og yfirborðskenndu leyti. Þeim sýni ég myndir af algengum hlutum og bið þau að segja mér hvað þeir heita. Oft fæ ég svör á borð við: „Ég veit alveg hvað þetta er sko, ég bara kann þetta ekkert á íslensku.“

Sé þeim boðið að nefna hlutinn á ensku lætur svarið ekki á sér standa. Hvernig má þetta vera? Hvernig geta börn og unglingar sem eiga íslenska foreldra, eru fædd og uppalin hér og hafa alla tíð gengið í íslenska skóla ekki búið yfir íslenskum grunnorðaforða? Sé ekki um eiginlega málþroskaröskun að ræða er svarið við þessum spurningum einfalt: Tölvur og tækni. Nú fylgir tæknin móðurmjólkinni og börn og unglingar lifa og hrærast í heimi rafrænna samskipta sem fara nánast öll fram á ensku. Tölvur og símar „tala“ mjög takmarkaða íslensku og til hvers að brúka móðurmál skitinna 320.000 hræða þegar enskan opnar dyr allra samskipta upp á gátt?

Innlent | Morgunblaðið | 21.3.2017 | 5:30 | Uppfært 5:57

Börnin tala saman á ensku í skólanum

Grunnskólakennari í Hafnarfirði segir að sífellt beri meira á því að samskipti nemenda fari fram á ensku en ekki íslensku. *mbl.is/Eggert Jóhannesson*

Grunnskólakennari í Hafnarfirði segir marga nemendur byrjaða að nota ensku til samskipta í skólanum. Eigi þetta við bæði um unglinga og yngri nemendur.

Kennarinn telur ekki öruggt að íslenskan lifi af þær ógnir sem hún stendur frammi fyrir um þessar mundir, að því er fram kemur í umfjöllun um mál þetta í Morgunblaðinu í dag.

Segir kennarinn að farið hafi að bera á þessu fyrir tveimur til þremur árum. Hann telur netvæðinguna skýra þessa þróun. Ungmennin verji miklum tíma á netinu.

Ein stærsta vöru- og þjónustusýning sem haldin hefur verið á Íslandi fyrir almenning
Garðurinn
Fjölskyldan matur & frístundir
Framkvæmdir & viðhald
Garðurinn
Nútímaheimilið
Fjölskyldan matur & frístundir
Framkvæmdir & viðhald
Garðurinn
Nútímaheimilið
KOMDU OG UPPLIFÐU!
OPIÐ LAU 11-18 SUN 11-17
amazing
HOME SHOW
LAUGARDALSHÖLL
HELGINA 20. OG 21. MAÍ
Um 100 fyrirtæki kynna allt það NÝJASTA
Glæsilegir SÝNINGAR BÁSAR
DAGSKRÁ Á SVIÐI
LAUGARDAGUR 20. MAÍ
12:30 - Íþróttaálfurinn
14:00 - Bibi og Björgvin, töfrandi lög ævintýranna
15:00 - Einar Mikael töframaður
16:00 - Vísinda-Villi
SUNNUDAGUR 21. MAÍ
12:30 - Sirkustrúðurinn Wally
13:30 - Bibi og Björgvin, töfrandi lög ævintýranna
15:00 - Einar Mikael töframaður
16:00 - Bollywood-dívur Kramhússins
BARNA HORN KRUMMA
ÍS-BÍLLINN
HOPPU KASTALI
FRÁBÆR DAGSKRÁ fyrir alla fjölskylduna
Sjáðu Draumaherbergi Þórunnar Antoníu og Friðriks Dórs
Miðasala á www.midi.is og við inngang Miðaverð kr. 1.200 / Frítt fyrir eldri borgara og 16 ára og yngri (í fylgd fullorðinna)
www.amazinghomeshow.is

FRÉTTABLAÐIÐ
277. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI —
FÖSTUDAGUR 24. NÓVEMBER 2017
BLACK
FRIDAY
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
EINUNGIS Í DAG
REYKJAVÍK – AKUREYRI – ÍSAFJÖRÐUR
OPIÐ TIL KL. 22.00
* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. ef vara er fyrir á jólaverði eða -tilboði og ekki af Skovby
Reykjavík
Bíldshöfði 20
Akureyri
Dalsbraut 1
Ísafjörður
Skeiði 1
www.husgagnahollin.is
555 1100
HÚSGAGNA HÖLLIN

CYBER
MONDAY
10-30 % AFSLÁTTUR
24 TÍMAR · AÐEINS Á TL.IS!
tl.is
TÖLVU
LISTINN

Verkefnið

Rannsókn á sambýli íslensku og ensku

- *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*
  - (***Mo**deling the **li**nguistic **co**nsequences of **di**gital **la**nguage **co**ntact, MoLiCoDiLaCo*)
- Þriggja ára öndvegisstyrkur Rannsóknasjóðs
  - 1. júlí 2016 – 30. júní 2019, 117,5 milljónir króna
- Verkefnisstjórar:
  - Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson
  - prófessorar í íslensku við Háskóla Íslands

Aðstandendur

- Í rannsóknarhópnum voru:
  - Anton Karl Ingason lektor, HÍ
  - Ari Páll Kristinsson rannsóknaprófessor, SÁM
  - Ásgrímur Angantýsson prófessor, HÍ
  - Birna Arnbjörnsdóttir prófessor, HÍ
  - Einar Freyr Sigurðsson nýdoktor, HÍ
  - Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður, HÍ

Framhaldsnemar

- Doktorsnemar
  - Ásrún Jóhannsdóttir
  - Iris Edda Nowenstein
  - Þorbjörg Þorvaldsdóttir
- Meistaranemar
  - Berglind Hrönn Einarsdóttir, Dagbjört Guðmundsdóttir, Elín Þórsdóttir, Hildur Hafsteinsdóttir, Lilja Björk Stefánsdóttir, Ólöf Björk Sigurðardóttir, Steinunn Valbjörnsdóttir, Tinna Frímann Jökulsdóttir

Aðrir þátttakendur

- Samstarfsaðilar erlendis:
  - Charles Yang, University of Pennsylvania
  - Elín Þöll Þórðardóttir, McGill University
  - Joel Wallenberg, Newcastle University
  - Laurel MacKenzie, New York University
  - Noel P. Ó Murchadha, Trinity College Dublin
- Aðstoðarfólk við efnissöfnun og úrvinnslu
  - BA-nemar

Markmið og rannsóknarspurningar

Þrjú áherslusvið

- Ílag, máltaka og málbreytingar
  - Þáttur ílags í máltökunni
  - Áhrif stafræns ensks ílags á málbreytingar
- Tvítyngi og breytingar á æviskeiðinu
  - Áhrif stafræns málsambýlis á málhafa á mismunandi aldri, einkum með tilliti til tvítyngis og breytinga á æviskeiðinu
- Lífvænleiki tungumála á stafrænni öld
  - Þróun nýs lífvænleikakvarða til að meta áhrif sambýlis við ensku í nýjum sviðum og miðlum

Rannsóknarspurningar

- Áhrif stafrænna miðla og snjalltækja á
  - íslenskt og enskt ílag (máláreiti)
    - hversu mikil íslenska og enska er í málumhverfi okkar?
  - viðhorf til íslensku og ensku
    - hafa börn og unglingar annað viðhorf en fullorðnir?
  - málnotkun Íslendinga t.d. virka enskunotkun
    - tala íslensk börn og unglingar stundum saman á ensku?
  - málkunnáttu Íslendinga (orðaforða og form)
    - eru komin fram tilbrigði sem rekja má til enskra áhrifa?

Atriði sem eru könnuð

- Magn íslensku og ensku í málumhverfinu
  - hlutfall tíma sem fólk hefur hvort mál í umhverfinu
- Kunnátta í íslensku og ensku
  - t.d. hvaða orðaforða málnotendur hafa í hvoru máli
- Áhrif ensku á íslensku og öfugt
  - hvar og hvernig koma slík áhrif fram?
- Viðhorf til íslensku og ensku
  - hversu mikilvægt er að vera góður í íslensku/ensku?

Rannsóknaraðferðir

Rannsóknaraðferðir: Tvær meginaðferðir

- 5.418 manna netkönnun. Lagskipt handahófs-kennt úrtak úr Þjóðskrá (Félagsvísindastofnun)
  - 11 aldurshópar, frá þriggja ára og upp úr (til 98 ára)
  - 3–5; 6–7; 8–9; 10–12; (n=1.500 börn)
  - 13–15; 16–20; 21–30; 31–40; 41–50; 51–60; 61+ (n=3.914)
  - „fullorðinskönnun“ og fjórar mismunandi gerðir fyrir börn
  - Foreldrar svöruðu 3–9 ára en 10–12 ára svöruðu sjálf + aðstoð
- 240 manna ítarkönnun – viðtöl og prófanir
  - sérvalið úrtak úr hópi þátttakenda í netkönnunum
    - eftir ílagsmælingum í netkönnun (lítið, meðal og mikið enskuílag)
  - 2x1,5 klst. viðtöl við 10 ára og eldri, 3x1 klst. við börn
- Rýnihópaviðtöl
- Viðtöl við kennara í leik- og grunnskólum

Netkannanir: Bakgrunnur, ílag, viðhorf

- Bakgrunnur – félagslegar grunnupplýsingar s.s.
  - kyn, aldur, menntun, starf, búseta og búsetusaga, móðurmál, þroskaraskanir
- Ílag – yfirlit um mállegt ílag á æviskeiðinu
  - hvaða tungumál fólk hefur notað og hve lengi
  - hlutfall hvors máls (íslensku og ensku) í málumhverfi hvers og eins (óvirkt: hlustun/lestur og virkt: tal/skrif)
  - tölvu- og snjalltækjanotkun
- Viðhorf til íslensku og ensku
  - ýmsar staðhæfingar um gildi og notkun íslensku og ensku, metnar á fimm punkta kvarða (mjög ósammála – frekar ósammála - hvorki ósammála né sammála – frekar sammála – mjög sammála)

Netkönnun 13 ára og eldri: Mállegar breytur

- Unglingar og fullorðnir: 13–98 ára málhafar
  - dómapróf: setningar og mállegar breytur – íslenska og enska
    - prófuðu hefðbundna íslensku – tilbrigði/málbreytingar/áhrif ensku á íslensku, t.d. fallmörkun, V2, nýju setningagerðina, viðtengingarhátt, óreglulegar beygingar orða, yfirfærslusetningar úr ensku og íslensku o.fl.
    - prófað á fimm punkta kvarða
      - mjög óeðlileg – frekar óeðlileg – hvorki óeðlileg né eðlileg – frekar eðlileg – mjög eðlileg
  - íslenskur og enskur orðaforði metinn með tíðniorðalistum til að meta skilning þátttakenda – óvirkur orðaforði
  - málsýni – rituð íslenska og enska

Vísbendingar frá vestur-íslensku

- Í vestur-íslensku eru dæmi um einkenni allra stiga í lántökuskala Thomason og Kaufman (1988), t.d.:
  - mikill fjöldi lánsorða
    - inntaksorð og kerfisorð (Haraldur Bessason 1967)
  - breytingar á beygingum
    - skortur á beygingarsamræmi (Sigríður M. Björnsd. 2014)
    - alhæfing formgerðarfalls og orðasafnsfalls (Birna A. 2006)
    - almenn einföldun beygingarkerfis (Höskuldur Þráinss. 2018)
  - breytingar á setningagerð
    - tap langdrægrar afturbeygingar (Birna A. & Putnam 2015)
    - V2/V3 á reiki í frjálsu tali og dómum (Birna Arnbjörnsd., Höskuldur Þráinsson & Iris Edda Nowenstein 2018)

Netkannanir 3–12 ára: Mállegar breytur

- 3–9 ára
  - Íslensk málfræði: Ýmis próf og verkefni (endurtekningar, botna setningar og velja á milli kosta til að prófa hefð/tilbrigði)
    - t.d. flækjustig setninga, fallmörkun, fleirtölumyndun, þátíðarmyndun, orðaröð – svör foreldra!
  - Orðaforði: Íslenskir orðalistar (byggðir á drögum að bók Jóhönnu T. Einarsdóttur o.fl. 2020) og enskir – svör foreldra!
- 10–12 ára
  - Íslensk og ensk málfræði: Botna setningar og dómapróf
    - hefð / tilbrigði / utanaðkomandi (ensk) áhrif
  - Orðaforði: Íslenskir orðalistar (settir saman af Ásrúnu Jóhannsd. og Eiríki Rögnvaldss. 2018) og enskir – sjálfsmat
  - þýðingar-/skilningspróf: enska → íslenska

Viðtöl: 13–98 ára (2x1,5 klst.)

- Kortlagning ílags (magn og tegund)
- Snjalltækjanotkun
- Viðhorf til íslensku og ensku (eigindlegt viðtal)
- Mállegar breytur
  - dómapróf (mat og bundið val) – íslenska
    - mat á mállegum breytum: fimm punkta kvarði (mjög óeðlileg - frekar óeðlileg - hvorki óeðlileg né eðlileg - frekar eðlileg – mjög eðlileg)
  - sérathuganir (fall, þolmynd, mism. setngerðir) – íslenska
  - framburður (enska þar sem búast má við íslenskum hreim)
  - þýðing (rituð íslenska ↔ enska)
  - orðaforði (enska og íslenska)
- Málnotkun: málsýni (talað mál) – íslenska og enska
- Minnispróf: vinnsluminni

Viðtöl: 3–9 ára (3x1 klst.), 10–12 ára (2x1,5 klst.)

- Ílag (magn og tegund) – skv. mati foreldra og 10–12 ára barna
- Snjalltækjanotkun
- Viðhorf til íslensku og ensku
  - eigindleg viðtöl við börn og foreldra
- Mállegar breytur
  - dómapróf (bundið val) – íslenskar málbreytur.
  - sérathuganir (t.d. fallmörkun, þolmynd, beyging nafnorða og sagna, afturbeyging, *hv*-spurningar, beygingarsamræmi)
  - framburður (enskar setningar þar sem búast má við íslenskum hreim og þekktur framburðarbreytileiki í íslensku)
  - stöðluð orðaforðapróf
    - 3–9 ára: íslenskt PPVT (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2018) og enskt PPVT (Dunn og Dunn 2007)– óvirkur orðaforði
    - 10–12 ára: Orðalistar (Ásrún Jóhannsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018)
- Málnotkun (íslenska og enska)
  - málsýni (talað mál)
- Minnispróf
  - vinnsluminni, þekkingarminni og aðgerðaminni (6 ára og eldri)

Gagnasöfnun

Yfirlit yfir gagnasöfnun

- Netkönnun 13–98 ára send út í júlí 2017 til 3.918 manns
  - svarhlutfall 41% hjá fullorðnum og unglingum (n=1.615)
- Netkannanir 3–12 ára sendar út í nóv. 2017 til 1.500 barna
  - svarhlutfall 50% hjá börnum (n=724)
- Viðtalskönnun 13–83 ára lögð fyrir sumarið 2018
  - 134 manna sérvalið úrtak úr netkönnun fullorðinna
- Viðtalskönnun 3–12 ára lögð fyrir veturinn 2018–2019
  - 106 barna sérvalið úrtak úr netkönnunum barna
- 4 rýnihópaviðtöl
  - tölvuleikjaspilarar, larparar, læknanemar og börn sem spila hlutverkaleiki
- 17 viðtöl tekin við kennara í leik- og grunnskólum

Þátttakendur í könnun 13-98 ára

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn ***				
Karl	744	46,1%	147.559	50,9%
Kona	871	53,9%	142.236	49,1%
Aldur ***				
13 til 15 ára	265	16,4%	12.958	4,5%
16 til 20 ára	195	12,1%	22.467	7,8%
21 til 30 ára	157	9,7%	53.926	18,6%
31 til 40 ára	210	13,0%	48.531	16,7%
41 til 50 ára	251	15,5%	44.085	15,2%
51 til 60 ára	284	17,6%	43.651	15,1%
Eldri en 60 ára	253	15,7%	64.177	22,1%
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	998	61,8%	179.149	61,8%
Landsbyggð	617	38,2%	110.646	38,2%

Þátttakendur í könnun 3-12 ára

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Strákur	358	49,4%	23.671	51,2%
Stelpa	366	50,6%	22.555	48,8%
Aldur *				
3-5 ára	228	31,5%	13.440	29,1%
6-7 ára	122	16,9%	9.488	20,5%
8-9 ára	144	19,9%	9.750	21,1%
10-12 ára	230	31,8%	13.548	29,3%
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	452	62,4%	29.490	63,8%
Landsbyggð	272	37,6%	16.736	36,2%

Nokkrar niðurstöður 13-98 ára

Hversu oft hlustar þú á ensku?



Hversu oft talarðu ensku?



Dagleg hlustun/tal á ensku eftir aldurshópum



Hversu oft lestu texta á ensku?



Tungumál raddstýringar og viðmóts

- Ég gæti hugsað mér að nota ensku fyrir raddstýringu tækja (t.d. Siri)



- Mér finnst best að hafa tæki (t.d. tölvur, síma og spjaldtölvur) stillt á ensku



Mjög ósammála | Ósammála | Hvorki né | Sammála | Mjög sammála

Nýyrði og textun

- Það á að búa til ný íslensk orð í staðinn fyrir ensku orðin sem koma inn í málið
- Það er mikilvægt að erlent sjónvarpsefni sé aðgengilegt með íslenskum texta





Mjög ósammála | Ósammála | Hvorki né | Sammála | Mjög sammála

Mikilvægi íslenskukunnáttu/enskukunnáttu

- Góð íslenskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi
- Góð enskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi





Mjög ósammála | Ósammála | Hvorki né | Sammála | Mjög sammála

Að tala ensku við Íslendinga

- Ég tala stundum ensku við íslenskumælandi fólk í aðstæðum þar sem allir skilja og tala íslensku (hér er átt við meira en einstök orð og frasa)



Nýja setningagerðin

- Afmælisbarnið blés á kertin.
- *Síðan <u>var borðað kökuna</u>.*

- Strákarnir komu blóðugir í tíma.
- *Sennilega <u>var lamið þá</u> í frímínútum.*





Mjög óeðlileg | Frekar óeðlileg | Hvorki né | Frekar eðlileg | Mjög eðlileg

„Eignarfallsflótti“

- Magnús hlustaði ekkert á fyrirlesturinn.
- *Hann spurði undarlega spurningu.*

- Einar stóð fyrir innganginum.
- *Fólk tafðist vegna hegðun hans.*





Útvíkkað framvinduhorf

- Hvað ertu að gera?
- *<u>Ég er að liggja í sólbaði úti í garði.</u>*

- Jón virðist vera mjög háður foreldrum sínum.
- *Hann <u>er enn að búa</u> hjá þeim þótt hann sé að verða fertugur.*





„Þágufallssýki“

- Það er aðfangsdagskvöld og bræðurnir geta ekki beðið.
- *<u>Þeir</u> <u>hlakka</u> svo til.*

- Strákarnir eru blankir.
- *<u>Þeim</u> <u>vantar</u> 5000 krónur.*





Dæmigerðar „málvillur“

- Samtökin sinna mikilvægu starfi.
- *Fjöldi dýra eru í útrýmingarhættu.*



- Strákarnir tveir kynntust á leikskóla.
- *Þeim líkar vel við hvorn annan.*



Viðtengingarháttur

- María er ekki á skrifstofunni eins og vanalega. Ég held að hún er í útlöndum.
- Það er grillveisla hjá Siggu um helgina. Ég vona að Jón verður þar.





Mjög óeðlileg | Frekar óeðlileg | Hvorki né | Frekar eðlileg | Mjög eðlileg

Tengsl enskunotkunar og háttatilbrigða

- Mat tveggja hópa á aldrinum 16-20 ára á setningum með óhefðbundinni notkun viðtengingarháttar – skáletruðu setningunum hér að neðan

- María er ekki á skrifstofunni eins og vanalega.
- *Ég held að hún er í útlöndum.*

- Aron er örugglega ekki í vinnunni.
- *Ég veit að hann sé heima.*

- Það er grillveisla hjá Siggu um helgina.
- *Ég vona að Jón verður þar.*

- Jón fótbrotnaði í skíðaferðinni.
- *Ég veit ekki hvort hann fari suður með næstu vél.*



Úr MA-ritgerð Elínar Þórsdóttur 2018

Nokkrar niðurstöður 3-12 ára

Net- og snjalltækjanotkun barna

- Notar barnið netið?



- Hve miklum tíma eyðir barnið að jafnaði í tölvum og snjalltækjum (snjallsímum og spjaldtölvum)?



Aldur við upphaf tölvu-/snjalltækjanotkunar



Leikir á ensku

- Barnið leikur sér stundum á ensku við vini sína



- Barnið leikur sér stundum á ensku þegar það er eitt



Mjög ósammála | Frekar ósammála | Hvorki né | Frekar sammála | Mjög sammála

Að tala ensku við íslenskumælandi vini

- Talar þú stundum ensku við vini þína sem tala íslensku?



Yngri en 10 ára

- Ég tala stundum ensku við vini mína sem tala íslensku



10 -12 ára

Kunnátta m.v. jafnaldra að mati foreldris



Jákvætt viðhorf til ensku

- Barnið hefur áhuga á ensku og sækist eftir að nota enskukunnáttu sína (ef einhver er)



- Það virðist ekki trufla/angra barnið ef kvik-myndir eða sjónvarpsþættir eru á ensku



Mjög ósammála | Frekar ósammála | Hvorki né | Frekar sammála | Mjög sammála

Að tala og hlusta á ensku

- Hversu oft að meðaltali talar barnið eða reynir að tala ensku?



- Hversu oft að meðaltali hlustar barnið á talaða ensku? (Átt er við allt tal við allar aðstæður.)



Daglega | Nokkrum sinnum í viku | Nokkrum sinnum í mánuði | Á 2-6 mánaða fresti | Sjaldnar

Athafnir stundaðar a.m.k. 2x í viku – 3-5 ára



Athafnir stundaðar a.m.k. 2x í viku – 6-7 ára



Athafnir stundaðar a.m.k. 2x í viku – 8-9 ára



Athafnir stundaðar a.m.k. 2x í viku – 10-12 ára



Samanburður á íslenskunotkun 8-9 og 10-12



- Barnið hlustar á sögur sem lesnar eru fyrir það
- Barnið hlustar á efni þar sem tal er í lykilhlutverki (ekki „bara“ tónlist)
- Lestur á netinu
- Bóka- og blaðalestur
- Skrif á netinu
- Spjall á netinu
- Sjónvarpsstöðvar
- Efni af efnisveitum á borð við Netflix, Stöð 2 Maraþon Now, Hulu o.s.frv.
- Efni af netinu (niðurhal og streymi, t.d. af YouTube og Vimeo)
- Efni í smáforritum
- Spilun tölvuleikja án samskipta við aðra spilara
- Spilun tölvuleikja með samskiptum við aðra spilara

Samanburður á enskunotkun 8-9 og 10-12



- Barnið hlustar á sögur sem lesnar eru fyrir það
- Barnið hlustar á efni þar sem tal er í lykilhlutverki (ekki „bara“ tónlist)
- Lestur á netinu
- Bóka- og blaðalestur
- Skrif á netinu
- Spjall á netinu
- Sjónvarpsstöðvar
- Efni af efnisveitum á borð við Netflix, Stöð 2 Maraþon Now, Hulu o.s.frv.
- Efni af netinu (niðurhal og streymi, t.d. af YouTube og Vimeo)
- Efni í smáforritum
- Spilun tölvuleikja án samskipta við aðra spilara
- Spilun tölvuleikja með samskiptum við aðra spilara

Að *hafa vandamál með* (have a problem with)

- Auður gat ekki sungið lagið. *Hún hefur aldrei <u>haft vandamál með</u> að syngja áður.* (10-12 ára)
- Auður gat ekki flutt fyrirlesturinn. *Hún hefur aldrei <u>haft vandamál með</u> þetta áður.* (Aðrir)



Að *biðjast afsökunar fyrir* (apologize for)

- Steinar fór grátandi til kennarans. *Hann <u>baðst afsökunar fyrir</u> slæma hegðun.* (10-12 ára)
- Steinar tók upp myndband í mikilli þoku. *Hann <u>baðst afsökunar</u> fyrir léleg myndgæði.* (Aðrir)



Þágufallshneigð

- Hvað finnst þér best að segja: „Stelpan langar“, „Stelpuna langar“ eða „Stelpunni langar“?



Þágufallshneigð á öllum aldri

- Helga er yfirleitt þreytt á morgnana. *Henni langar alltaf í kaffi.*



Ályktanir

- Enska er áberandi í málumhverfi íslenskra barna
  - og viðhorf barna til ensku jákvætt
- En ekki má líta á ensku sem óvin íslenskunnar
  - heldur gagnlegt tól sem við þurfum að hafa vald á
- Nú liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um stöðuna
  - sem nýta má til að ákveða viðbrögð og aðgerðir
  - í kennslu, námsefnisgerð, vitundarvakningu, áróðri
- Íslenskan á framtíð fyrir sér – ef við viljum!

Heimildir

- Ásrún Jóhannsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2018. The frequency level of young Icelandic children's English vocabulary proficiency. Fyrirlestur fluttur á Early Language Learning Conference, Reykjavík, 13. júní.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. *North American Icelandic. The Life of a Language*. University of Manitoba Press, Winnipeg.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Michael Putnam. 2015. Minimum Interface Domains: Long Distance Binding in North American Icelandic. Í B.R. Page og M. Putnam (ritst.): *Moribund Germanic Heritage Languages in North America,* bls. 203–224. Brill, Amsterdam.
- Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Iris Edda Nowenstein. 2018. V2 and V3 orders in North-American Icelandic. *Journal of Language Contact* 11(3):379–412.
- Dunn, Loyd M. og Douglas, M. Dunn. 2007. *PPVT-4: Peabody Picture Vocabulary Test*. Pearson Assessments, Minneapolis.
- Haraldur Bessason. 1967. A few specimens of North American-Icelandic. *Scandinavian Studies* 39(2):115–146.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 2018. Orðaforði íslenskra barna frá 4 til 8 ára aldurs: Langtímarannsókn á vaxtarhraða og stöðugleika. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. (http://netla.hi.is/greinar/2018/ryn/15.pdf)
- Jóhanna Thelma Einarsdóttir, Anna Lísa Pétursdóttir og Íris Dögg Rúnarsdóttir. 2019. *Tíðni orða í máli barna*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Sigríður M. Björnsdóttir. 2014. *Hún er svo montin af að vera íslenskt*. Fallmörkun og samræmi í vestur-íslensku erfðamáli. MA-ritgerð í íslenskri málfræði. Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Thomason, Sarah G. og Terrence Kaufman. 1988. *Language Contact, Creolization and Genetic Linguistics*. University of California Press, Berkeley.

Þakkir

Við þökkum þátttakendum í könnununum, samstarfsaðilum og aðstoðarfólki okkar í verkefninu fyrir veitta aðstoð!

www.molicodilaco.hi.is

eirikur@hi.is

siggasig@hi.is